



UPPBROT Í SKÓLASTARFINU

Á hverri önn er hefðbundið skólastarf brotið upp.

Á haustin fara fram svokallaðir **Vísindadagar** þar sem fram fara sýningar og kynningar nemenda á því fjölbreytta starfi sem fram fer í skólanum.

Á vorin eru **Gróskudagar** haldnir. Þá eru settar upp ýmiss konar smíðjur þar sem nemendur geta valið sér ólík viðfangsefni.

ÖFLUGT FÉLAGSLÍF

Í skólanum er gróskumikið félagslíf. Kjörin stjórn nemendafélagsins hefur yfirumsjón með félagslífinu og frumkvæði að nýjungum.


Af ýmsu er að taka í félagslífi nemenda:

- Nýnemaferð að hausti - engin busun!
- Ruddabolti
- 1. des. hátíð
- Árshátíð
- Sólarkaffi
- Sólrísa - heil vika af skemmtilegheitum
- MÍ-flugan, útvarp MÍ
- Uppsetning á leikriti
- Skólablað - *Emmí okkar*
- MORFÍS
- Gettu betur (við ætlum aftur í sjónvarpið)
- Söngkeppni
- Dansleikir af ýmsum tilefnum
- Og svo mætti lengi telja!

UPPLÝSINGAR UM NÁM Í MÍ

Frekari upplýsingar um nám við Menntaskólann á Ísafirði gefur Stella Hjaltadóttir náms- og starfsráðgjafi, stella@misa.is

Hægt er að panta tíma hjá náms- og starfsráðgjafa og á skrifstofu skólans í s. 450 4400

Á heimasíðu skólans, www.misa.is, má finna ýmsar upplýsingar er tengjast starfsemi skólans sem og fréttir af skólastarfinu. Skólinn er einnig á  og tilvalið að líka við okkur þar og fylgjast þannig með því sem er að gerast í skólanum.



Menntaskólinn á Ísafirði

Sími 450 4400 - netfang: misa@misa.is - heimasíða: www.misa.is



Velkomin í Menntaskólann á Ísafirði

KENNSLAN Í skólanum er lögð áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Í kennslu við skólann er lögð áhersla á **leiðsagnarmat** sem felst í að nemendur fá stöðugar upplýsingar um stöðu sína í námi til að geta bætt sig. Hverri önn er skipt niður í tvær námslotur og eftir fyrri lotuna er gefið miðannamat.

Flestir áfangar eru skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu í gegnum námsumsjónarkerfið Moodle. Í skólanum er notaður nemendaskráningarvefurinn INNA þar sem finna má upplýsingar um stundatöflur, einkunnir o.fl.

NÁMSFRAMBODIÐ Námsbrautir skólans eru bóknámsbrautir, starfs- og verknámsbrautir, lista- og nýsköpunarbraut, framhaldsskólabraut og sérnámsbraut.

HÚSNÆÐIÐ Húsakynni skólans eru rúmgóð og öll á sömu lóð, þar á meðal vel búið verknámshús fyrir málmíðgreinar og vélstjórnarbraut. Einnig er góð aðstaða í kjallara heimavistar fyrir nám í húsasmíði og grunndeild há- og snyrtigreina. Stafræn smíðja (FabLab) er staðsett í húsnaði skólans. Bókasafn skólans er til fyrirmyndar með góðri lestrar- og tölvuaðstöðu.

HEIMAVISTIN Heimavist er áföst bóknámshúsinu. Þar eru 20 einstaklingsherbergi með sér baðherbergi, þar af eru fjögur herbergi sem geta verið tveggja manna.

MÖTUNEYTIÐ Allir nemendur skólans eiga þess kost að borða í mötuneyti í hádeginu og er það mjög vel nýtt.

Menntaskólinn á Ísafirði

Sími 450 4400 - netfang: misa@misa.is - heimasíða: www.misa.is

Innritun í MÍ

Forinnritun 10. bekkinga 4. mars—10. apríl

Forinnritunin fer fram á vefsíðunni www.menntagatt.is

Allir 10. bekkingar á Íslandi eiga að hafa fengið upplýsingar um forinnritun afhentar í sínum grunnskólum. Foreldrar og forráðamenn eiga sömuleiðis að hafa fengið sendar upplýsingar heim um innritunina.

Lokainnritun 10. bekkinga 4. maí—10. júní

Innritun eldri nemenda 4. apríl—31. maí

Eldri nemendur sækja um annað hvort í gegnum vefsíðuna

www.menntagatt.is eða heimasíðu skólans, www.misa.is



NÁM Í BOÐI Í MENNTASKÓLANUM Á ÍSAFIRÐI

Nánari upplýsingar um námið má finna á heimasíðu skólans, www.misa.is/namid

Verk- og starfsnámsbrautir

- ◆ Félagssliðabraut
- ◆ Grunnám bíliðngreina
- ◆ Grunnám málmíðngreina
- ◆ Grunnám hár- og snyrtigreina
- ◆ Grunnám rafíðna
- ◆ Húsasmíði
- ◆ Skipstjórn A og B
- ◆ Sjúkraliðabraut
- ◆ Vélstjórn A og B

Brautir til stúdentsprófs

- ◆ Félagsvísindabraut
- ◆ Náttúruvísindabraut
- ◆ Opin stúdentsprófsbraut

Stytttri námsbrautir

- ◆ Framhaldsskólabraut
- ◆ Lista- og nýsköpunarbraut

Sérnámsbraut (starfsbraut)

Inntökuskilyrði

Brautir til stúdentsprófs

Til þess að hefja nám á brautum til stúdentsprófs þarf umsækjandi að hafa lokið grunnskóla með C eða betri einkunn í ensku, íslensku og stærðfræði.

Lista- og nýsköpunarbraut

Brautinni lýkur með framhaldsskólaprófi en nemendur geta haldið áfram námi til stúdentsprófs. Til þess að hefja nám á brautinni þarf umsækjandi að hafa lokið grunnskóla með C eða betri einkunn í ensku, íslensku og stærðfræði.

Framhaldsskólabraut

Nemendur sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir geta innritast á framhaldsskólabraut. Framhaldsskólabraut veitir undirbúning undir nám á öðrum námsbrautum.

Verk- og starfsnámsbrautir

Til þess að hefja nám á verk- og starfsnámsbrautum þurfa nemendur að hafa lokið grunnskóla með C eða betri einkunn í íslensku og stærðfræði.

Sérnámsbraut (starfsbraut)

Sérnámsbraut (starfsbraut) er ætluð nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla.

Almennt gildir um röðun í áfanga í kjarnagreinum (ensku, íslensku og stærðfræði):

D

Undirbúningsáfangi í samráði við námsráðgjafa og stjórnendur

C og C+

Áfangi á 1. þrepi

B, B+ og A

Áfangi á 2. þrepi